

hve mjög allur útgerðarkostnaður skipa hefir hækk-  
að hin síðustu ár.

Það þykir því eigi næg ástæða til þess að færa  
niður kröfu stefnda og ber þannig að staðfesta hinn  
áfrýjaða dóm, einnig ákvæði hans um vexti, máls-  
kostnað og staðfestingu löghaldsgerðarinnar 7. jan. f. á.

Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýj-  
andi greiði stefnda 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýj-  
andi Ólafur G. Eyjólfsson fyrir hönd váttrygg-  
ingarfélagsins Danske Lloyd greiði stefnda N.  
Wittrup fyrir hönd Em. Z. Zwitzers Bjergnings-  
entreprise 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum skal fullnægja áður en liðnar séu  
8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-  
aðför.

Mánudaginn 17. nóvember 1919.

Nr. 56/1919:

Réttvísinn

gegn

fræðslunefnd Rauðasandshrepps,  
þeim Sveini Magnússyni, Guð-  
mundi Sigfreðssyni og Þórði Ó.  
Thorlaciuss, og héraðslækni Sig-  
urði Magnússyni.

## D ó m u r :

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, upp-  
kveðnum 5. des. f. ár, voru hinir ákærðu fræðslu-  
nefndarmenn, Sveinn Magnússon, Guðmundur Sig-  
fredsson og Þórður Ó. Thorlacius dæmdir fyrir brot  
á 145. gr. sbr. 143. gr. almennra hegningarlaga 25.  
júni 1869 til að greiða 50 kr sekt í landssjóð hver  
þeirra, eða til að sæta 20 daga einföldu fangelsi  
hver, ef sektin yrði eigi greidd, og með sama dómi  
var meðákærði, héraðslæknir Sigurður Magnússon,  
dæmdur fyrir brot á 143. gr. hegningarlaganna til  
að greiða 75 kr. sekt í landssjóð, eða sæta einföldu  
fangelsi í 25 daga, ef sektin yrði eigi greidd; svo  
var hann og fyrir ósæmilegan rithátt dæmdur í 10  
kr. sekt, að hálfu til Patrekshrepps og að hálfu til  
landssjóðs; loks voru allir hinir ákærðu dæmdir til  
að greiða allan sakarkostnaðinn einn fyrir alla og  
allir fyrir einn. Dómi þessum hefir eftir ósk allra  
hinn ákærðu verið skotið til yfirdómsins.

Með bréfi stjórnarráðsins 6. sept. 1916 er fyrir-  
skipað að barna- og unglingskólar skulu háðir eft-  
liti héraðslæknis og að fræðslunefndir skulu skyldar  
að gera honum á hverju hausti aðvart um fyrhug-  
aða barnafræðslu, og biðja hann að líta eftir 3: rann-  
saka ásigkomulag skólakerbergjanna, heilsufar kenn-  
aranna og eftirlitsmanns heimafræðslunnar og heilsu-  
far barnanna, og eru um þetta ítarlegri fyrirmæli í  
bréfinu, og því bætt við, að engum skóla verði veittur  
styrkur úr landssjóði, nema því að eins að umsóku-  
inni um styrkinn fylgi vottorð héraðslæknis um eft-

irlitið. Þetta bréf stjórnarráðsins tilkynti umsjónar-  
maður fræðslumála fræðslunefnd Rauðasandshrepps,  
hinum ákærðu fræðslunefndarmönnum, með bréfi 9.  
sept. 1916, en þrátt fyrir það lét fræðslunefndin  
ekkert lækniseftirlit og enga læknisrannsókn fram  
fara á ásigkomulagi kennslustaða, heilsufari kennara  
og heilsufari skólabarna haustið 1916, né kensluárið  
1916—1917, og segir fræðslunefnin í bréfi 29. maí  
1917, að læknir hafi ekki framkvæmt hina fyrir-  
skipuðu skoðun á húsum, börnum og kennurum »því  
að eftir áliti hans sjálfs og okkar var hún að engu  
nýt«, enda fór nefndin þess ekki á leit við læknirinn,  
að hann framkvæmdi eftirlitið eða rannsóknina. Þó  
kannast nefndin við í sama bréfi að hún hafi haldið  
2 kennara þetta skólaár, og að kent hafi verið á 7  
stöðum í fræðsluhéraðinu. Nefndin hefir þannig af  
ásettu ráði látið farast fyrir að gera það, er henni  
var boðið á löglegan hátt, og hafa hinir ákærðu  
nefndarmenn þannig gerst brotlegir eftir 145. sbr.  
143. gr. hegningarlaganna og þykir refsingin fyrir  
brotið hæfilega ákveðin 50 kr. sekt hverjum þeirra,  
og komi 12 daga einfalt fangelsi fyrir hvern þeirra  
í stað sektarinnar, verði hún eigi öll greidd innan  
ákveðins tíma.

Meðákærði, héraðslæknir Sigurður Magnússon er  
sakaður um brot á 143, gr. hegningarlaganna; er  
honum gefið það að sök, að hann hafi eigi rannsakað  
kennslustaði, kennara og skólabörn í Rauðasands-  
hreppi haustið 1916. Hann hefir í þessu efni borið  
það fram, að fræðslunefndin hafi alls eigi beiðst þess-

arar rannsóknar, og verður að álíta það rétt eftir framburði fræðslunefndarinnar sjálfrar. Þá segir ákærði að honum hafi verið fullkunnugt um það, að allir kenslustaðirnir hafi verið óhæfilegir, og að skoðun á þeim fyrir því hafi verið þýðingarlaus; þetta tjáðist hann hafa sagt fræðslunefndinni, og muni það ef til vill hafa orðið til þess að þeir létu skoðunina niðurfalla. Í auglýsingu landlæknis til héraðslækna um læknisadgæslu á skólum, dags, 7 sept. 1916, er gert ráð fyrir því, að skóla- og fræðslunefndir »biðji« lækir að framkvæma eftirlitið og að þær »vitji« lækna til »eftirlits þess er hér um ræðir«. Ákærði segir og, og leggur áherslu á það, að sér muni eigi hafa komið til hugar að neita að framkvæma skoðunina, ef fræðslunefndin hefði beiðst hennar. Þegar þessu er þannig varið eins og hér hefir verið frá skýrt, verður eigi sagt að hinn ákærði héraðslæknir hafi synjað eða af ásettu ráði látið farast fyrir að gera það, sem honum hafi verið boðið á löglegan hátt, eða að hann hafi gerst sekur eftir 143. gr. hegningarlaganna, þótt hann léti það fyrirfarast að rannsaka skólaástandið í Rauðasandshreppi haustið 1916, og verður þá að sýkna hann í máli þessu. Sekt sú, sem honum er gerð fyrir ósæmilegan rithátt með hinum áfrýjaða dómi, skal standa óhöggud.

Hinir ákærðu fræðslunefndarmenn skulu og greiða 3/4 hluta af öllum kostnaði máls þessa bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talið málaflutnings kaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn

er ákveðst 20 kr. handa hvorum þeirra, en  $\frac{1}{4}$  hluti málskostnaðarins greiðist af almannafé.

Rekstur máls þessa í héraði hefir dregist mjög á langinn; rannsókn í því hófst 15. okt. 1917 og var lokið 8. ágúst 1918; málið var dæmt í aukaréttinum 5. desbr. s. á., áfrýjunarstefna til yfirdóms gefin út 2. júní þ. á. og birt 18 s. mán.; eftir atvikum þykir þó eigi ástæða til að láta drátt þennan varða sekt, og þykir mega við svo búið standa. Það vottast að málfutningurinn fyrir yfirdómi hefir verið lög-  
mætur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði héraðslæknir Sigurður Magnússon á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu, en greiða skal hann sekt fyrir ósæmilegan rit-hátt eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Hin-  
ir ákærðu fræðslunefndarmenn, Sveinn Magnússon, Guðmundur Sigfredsson og Þórður Ó. Thor-  
lacius greiði hver þeirra sekt til landssjóðs 50 kr., eða sæti 12 daga einföldu fangelsi hver þeirra, ef sekt hans eigi greiðist að fullu innan ákveðins tíma. Svo greiði og hinir ákærðu fræðslunefndarmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn  $\frac{3}{4}$  — þrjá fjórðu hluta — alls sakar-  
kostnaðarins bæði í héraði og fyrir yfirdómi þar með talið málfutningskaup til skipaðs sækjanda

og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar 20 kr. til hvors, en  $\frac{1}{4}$  hluti málskostnaðar greiðist af almannafé.

Ídæmdar sektir greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. nóvember 1919.

Nr. 37/1919:

Sigtryggur Jónsson  
gegn  
Magnúsi J. Franklín.

#### D ó m u r :

Sumarið 1916 vann stefndi Magnús J. Franklín trésmiður á Akureyri hjá áfrýjanda Sigtryggi Jóns syni timburmeistara sama staðar að trésmíði á Siglufirði. Að lokinni vinnu gjörði áfrýjandi upp reikning sinn við stefnda, og samkvæmt þeim reikningi var stefndi talinn skulda áfrýjanda 5 kr. 98 a. — Á reikningi þessum færði áfrýjandi stefnda til tekna 564 vinnutíma á 65 a. og varð kaup hans samkvæmt því 366 kr. 60 a. auk fæðis. Stefndi hélt því hins vegar fram að svo hefði verið umsamið, að hann ætti að fá 75 a. kaup fyrir hverja vinnustund og